



Starfsáætlun leikskólans Álfasteins 2014 – 2015





Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.



Efnisyfirlit

Formáli	2
1. Inngangur	4
2. Áherslur í starfi leikskólans Álfasteins.....	4
2.1 . Áherslur leikskólans næsta starfsár	5
3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	7
3.1 Innra mat leikskólans	7
3.2 Húsnæði og lóð	8
3.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	9
4. Starfsmannamál	9
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	9
4.2 Starfsþróunarsamtöl	9
4.3 Símenntun frá síðasta ári	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	10
5. Aðrar upplýsingar	11
5.1 Barnahópurinn 1. maí.	11
5.2 Foreldrasamvinna	11
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	12
5.4 Almennar upplýsingar	12
5.5 Áætlanir.....	12
Fylgirit	13
• Leikskóladagatal	13
• Umsögn foreldraráðs	Error! Bookmark not defined.



1. Inngangur

Hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.

Samkvæmt lögum um leikskóla (90/2011) ber leikskólastjóra að gefa árlega út sérstaka starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans.

Skýrsla þessi inniheldur endurmat á starfsáætlun leikskólans Álfasteins skólaárið 2013-2014 frá ágúst til júlí og áætlun á vetrarstarfi leikskólans skólaárið 2014-2015. Starfsáætlunin er hugsuð sem aðgengilegur og skýr leiðarvísir á starfi leikskólans, þar sem fram kemur áhersluþættir og stefna leikskólans.

Starfsáætlunin hefur að geyma stefnukort sem byggir á meginstefnu leikskólans og skiptist í þjónustu, ferli, mannauð og fjármál. Einnig er að finna verkefnaáætlun, símenntun og mat á leikskólastarfinu sem og hverjar verði megin áherslur í skólastarfi þetta skólaárið 2014-2015.

2. Áherslur í starfi leikskólans Álfasteins

Til að ná settum markmiðum aðalnámskrár leikskóla horfir leikskólinn Álfasteinn til Framfararstefnu heimspekingsins John Dewey. Í þeirri stefnu er megináhersla lögð á að kenna börnunum gagnrýna og skapandi hugsun hugsun þar sem viðfangsefnið eru skapandi, binda ekki hugann við fyrirfram ákveðnar lausnir heldur halda forvitni barnanna virkri. Þessu til stuðnings fylgjum við hugmyndafræði Caroline Pratt um notkun trékubba sem eru mismunandi að stærð og lögun og ganga á einhvern hátt stærðfræðilega upp í hvern annan.

Til viðbótar er Könnunarleikurinn nýttur með yngstu börnunum. Könnunarleikurinn er leið barnsins til að uppgötva hlutina og hverjir möguleikar þeirra geta verið og nýta skynfærin við það að snerta, lykta, sleikja, hlusta og skoða. Þannig eru öll skilningarvit örvuð ásamt gróf- og fínhyreyfingum. Hverju barni gefst tækifæri til að uppgötva efniviðinn og umhverfið á sínum forsendum. Tiltektin er jafnmikilvæg og leikurinn sjálfur. Kennarinn stjórnar með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka og hjálpa þeim að finna hlutina. T.d. með því að segja: þarna undir stólnum, náðu í bláu dósina við hliðina á mér o.s.frv. Þannig er hægt að kenna börnunum hin ýmsu hugtök og liti (Goldschmied og Jackson, 2004).

Könnunaraðferðin sem nýtt er með eldri börnunum byggir á að þau leiði vinnuna áfram út frá eigin áhugasviði og er hlutverk kennarans að vera börnunum til aðstoðar, eins og Caroline Pratt lagði svo mikla



áherslu á með einingakubbana. Jafnframt hefur þessi leið orðið til þess að foreldrar eru mun meiri þátttakendur í starfinu og meðvitaðri um starf barnsins í leikskólanum þar sem hvert könnunarverkefni endar með sýningu þar sem foreldrum er boðið að skoða ferli verkefnavinnunnar og verkefnið kynnt af börnunum. Teljum við þessa leið í fullu samræmi við hugmyndafræði leikskólans þar sem framfarasinninn og heimspekingurinn John Dewey's talar um að kenna barni gagnrýna og skapandi hugsun í gegnum áhugasvið sitt og barnið sé virkur þátttakandi í starfinu. Listsköpun er einnig í hávegum höfð þar sem börnin læra sjálfstæð vinnubrögð og vinna út frá eigin áhugasviði.

Í vetur verður haldið áfram að þróa skipulagða hreyfingu og útikennslu. Börnin læra að fara út í ólíku veðri og fara í vettvangsferðir finna hella, fara í vasaljósiferð og gönguferðir sem eykur úthald barnanna. Að síðustu má nefna að metnaður hefur verið lagður í að bjóða upp á hollt og gott mataræði þar sem stuðst er við viðmið Lýðheilsustöðvar.

Alfasteinn skólaárið 2014-2015		ágúst	september	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí	júní	júlí
Djónustar	Foreldrasamtöl												
Djónustar	Kynning á leikskólastarfi/ sýning á könnunarverkefnum												
Djónustar	Foreldrafundur nýrra foreldra												
Djónustar	Viðhorfskönnun foreldra á starfi skólans												
Djónustar	Viðhorfskönnun starfsmanna												
Djónustar	Foreldrakaffi/ Aðventukaffi												
Djónustar	Opið húsi												
Djónustar	Viðhalda heimasíðu												
Djónustar	Samstarf milli skólastiga												
Djónustar	Heimsókn yngstu bekkir Hvaleyrarskólans												
Djónustar	Fjölmenningavikur												
Djónustar	Umferðavika/forvarnir												
Djónustar	Bjartir dagar												
Djónustar	Iþróttadagur												
Djónustar	Hljómpróf												
Djónustar	Einstaklingsgámsskrá												
Djónustar	Samstarf við félagsþjónustur												
Mannauður	Starfsmannasamtöl												
Mannauður	Cera starfsáætlun												
Mannauður	Cerð símenntunaráætlun												
Mannauður	Skipulagsdagur												
Mannauður	Símenntun Brunaæfing / Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins												
Mannauður	Símenntun Slysavarnir / Herdís Storgaard												
Mannauður	Símenntun Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um SMT												
Mannauður	Símenntun Fyrirlestur um hvernig má viðhalda SMT												
Mannauður	Símenntun Fyrirlestur fyrir nýtt starfsfólk um kubb												
Mannauður	Símenntun Upprifjun á kubbstarfi og mikilvægi stærðfræði og einingakubba												
Mannauður	Símenntun Fyrirlestur um númicom og náttúra og -stærðfræði												

2.1 . Áherslur leikskólans næsta starfsár

Til viðbótar þeim áherslum sem leikskólinn hefur náð að festa í sessi eru eftirfarandi viðbætur næsta skólaár.

Meiningin er að allt starfsfólk fari í námsferð 20. -21. nóvember á skipulagsdegi til Brighton þar sem numicom kennsla verður sótt, en kennslan byggir á stærðfræði. Einnig mun hópurinn kynna sér hvernig tengja má stærðfræði og útikennslu saman. Verður þetta nýr liður í að efla ennfrekar það stærðfræðinám sem Álfasteinn hefur staðið fyrir og verið að þróa frá upphafi. Með tilkomu forystuskólaverkefnisins sem stóð yfir í fimm ár til ársins 2010 var enn markvissari áhersla lögð á stærðfræði. Endapunktur verkefnisins vari að

koma á fót útikubbum til að tengja stærðfræðihugsunina í leik barnanna á útisvæði. Þessir kubbar hafa enn ekki orðið að veruleika og er von okkar að af verði þetta skólaárið. Teljum við þetta stórt framfaraskref fyrir börnin til að stærðfræði nýtist jafnt inni sem úti. Um leið og nýtt leikefni þróast sem byggir jafnt á tæknilegum útfærslum í byggingarleik barnanna sem og að nýta hreyfigetur og styrk í að lyfta kubbum upp og setja saman gefst börnunum tækifæri á að byggja leiktæki eða hugarheim sem hægt er að leika í. Markmiðið með þessu nýja efniviði var að skoða hvort og þá hvernig leikur barnanna þróast með nýju leikefni. Jafnframt hefur vantað klifurleiktæki á Álfastein frá upphafi og teljum við að með þessum kubbum megi byggja klifurtæki sem breytist dag frá degi eftir því hvað börnin byggja hverju sinni. Til að sjá ferli og meta hvort leiðin að markmiðinu hafi náðst munum við nýta myndaskráningu til að skoða og meta jafnt og þétt hvað og hvernig þróunin á sér stað. Með þessu móti verður allt starfsfólk virkt og starfsmannafundur nýttir í ígrundun og fræðslu um gang mála. Lokamat verður síðan að vori hvað hefur gengið vel og hvar megi gera betur.





3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

3.1 Innra mat leikskólans

- Ár hvert er dagskipulag leikskólans yfirfarið og metið. Slíkt mat fer fram á deildarfundum, starfsmannafundum sem og skipulagsdögum. Þetta árið var heildarmat gert og fór fram 21. maí 2014 á skipulagsdegi og tók allt starfsfólk Áfasteins þátt í matinu.

Skólaárið 2013-2014 var endurmetið heildstætt 21. maí 2014. Vildum við skoða hvað það væri sem hefði gengið vel og hvað mætti betur fara varðandi dagskipulag skólans. Var þar helst að nefna að við gætum verið duglegri í samvinnu milli deilda sem og samvinnu þegar upp kemur mannekla á deild. Var ákveðið að prófa að auka samvinnu á þann hátt að deild(ir) sem fara í útiveru geti boðið börnum af annarri deild með út til að létta á þeirri deild sem mannekla er á það skipti. Einnig að nýta betur möguleika á að bjóða helming barnahópsins út og hinn hópurinn hefur þá meira rými inni á deild á meðan. Verður þetta tekið til endurskoðunar og einnig að fundir verði á sama tíma á eldri deildum og á móti fundi yngri deildir á sama tíma. Þannig skapist betri samvinna á milli deilda með sama aldur og auðveldara að koma við tíma til samráðs og ákvarðanatöku milli deilda sem og að skerpa á áherslupáttum hverju sinni. Hvað varðar hópastarf hefur það náð að festa sig nokkuð í sessi og kubbastarf og málrækt fléttast inn í starfið með þátttöku könnunaraðferðarinnar á eldri deildum. Á yngri deildum er dagskipulagið í föstum skorðum og verður því góða skipulagi haldið áfram. Er kubbastarf, málrækt og könnunarleikurinn þar fastir liðir.

Útikennsla og hreyfing hefur verið að þróast undanfarin ár. Föst útikennsla á sér stað einu sinni í viku á hverri deild og er orðinn fastur liður í starfinu. Börnin læra að klæða sig eftir veðri. Í útikennslu hefur markvisst verið tekið inn hreyfing þar sem gönguferðir barnanna eru lengdar eftir því sem börnin eldast og þannig aukið úthald og þol barnanna. Einnig er farið í næsta nágreni og það nýtt til útiveru eins og fjaran og hraunið þar sem víða er að finna hella. Þetta finnst börnunum spennandi og verður haldið áfram næsta vetur.

Börnin tóku einnig þátt í að meta leikskólastarfið: matið fólst í að 26 valmyndir sem þau hafa möguleika á að velja frá degi til dags voru lagðar fyrir aldurshópana frá 3 - 6 ára og áttu þau að segja hvað þeim þætti skemmtilegt, leiðinlegt eða alveg sama. Niðurstöður voru með þeim hætti að ekkert svæði skar sig úr varðandi það að vera leiðinlegt. Það sem einum fannst leiðinlegt fannst öðrum skemmtilegt. Þannig að þessi 26 svæði henta vel þar sem öll börnin geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Valið er sett upp daglega og taka börnin virkan þátt í að ákveða hvað sé í vali hverju sinni. Með þessu móti eru börnin virkir þátttakendur í hvað sé skemmtilegt hverju sinni og geta skipt um valsvæði ef enginn hefur áhuga á að velja svæðið. Þannig teljum við að leikskólinn komi á móts við þarfir hvers og eins. Það vakti þó athygli að nánast öllum 3 ára börnunum eða 10 af 12 fannst öllum valsvæðin skemmtileg.

Hvað varðar 4 ára börn þá mátti greina meiri kynjamun varðandi tvö valsvæði. Fleiri drengir vildu mekkano en stúlkurnar og valsvæði með hárgreiðsludóti var vinsælla meðal stúlkanna. 5 ára börnin voru mörg orðin leið á lestinni sem við teljum skiljanlegt þar sem þau hafa átt kost á að leika með hana frá 2 ára aldri og litlir möguleikar á fjölbreytileika. Einnig kom fram að 15 af 17 börnum voru sammála eða nokkuð sammála að útivera væri skemmtileg. Mátti sjá meðal allra barnanna að útivera var almennt skemmtileg.

Þar sem kubbar eru sérkenni leikskólans var það okkur ánægjulegt að sjá að áberandi ánægja var hve kubbavæðin voru vinsæl eða nokkuð vinsæl og fá börn sem fannst þau leiðinleg.

Ecerskvarðinn hefur verið nýttur á ca. þriggja ára freti. Var ákveðið að nýta hann til að sjá hvort breytingar hafi átt sér stað á starfinu undanfarin ár. Matið þetta árið fór fram með þeim hætti að hver deild svaraði í sameiningu hvað þeim fundist. Ástæða þess er að í hóp skapast oft mikil umræða um ólík sjónarhorn á sömu spurningunni og teljum við það skapa faglega umræðu sem hjálpar okkur að sjá ólíkar leiðir og nýjar hugmyndir um hvernig megi bæta starfið enn frekar. Niðurstöður Ecerskvarðans sýnir að meðaltal af deildunum er 6 af 7 mögulegum. Má því segja að leikskólinn standist flesta þætti. Þeir þættir sem komu út á kvarðanum 5 voru húsbúnaður og vinnuaðstaða kennara. Umbætur



út frá niðurstöðum matsins í Ecers kvarðanum:

- Skoða á hvort setja megi fleiri felliborð þannig að meira gólfrymi skapist til leiks og um leið verði hægt að setja upp lægri borð fyrir yngstu börnin á eldri deildum. Á yngri deildunum verði veggborð sett í barnanna hæð og þarf því að lækka borðin
- Aðstaða fyrir leikskólakennara og annað fagfólk þarf að bæta frekar og verða gerðar áætlanir varðandi úrbætur.
- Einnig kom upp hugmynd að færa kaffistofu aftur á sama stað og upphafleg teikning hússins segir til um og setja fundarherbergi í gömlu kaffistofuna. Þannig verði hægt að samnýta fundarherbergi og matarherbergi fyrir elstu börnin. Verður þetta skoðað nánar.
- Endurnýja áklæði á svampdýrum í púðaleik.

SMT var einnig metið þetta skólaárið. Matið fór fram með þeim hætti að leikskólarnir fengu heimsókn frá öðrum STM leikskóla og tóku þeir út leikskólann. Álfasteinn stóð sig ágætlega og fékk 87% af 100% mögulegum. Það sem helst var ábótavant var að ekki allt starfsfólk var með yfirreglurnar á hreinu og ruglaði saman reglum og yfirreglum. Yfirreglurnar eru ábyrgð og virðing. Erum við því að hugsa um að breyta heiti yfirreglnanna í leiðarljós til að koma í veg fyrir misskilning.

3.2 Húsnæði og lóð

- Starfsmenn á vegum þjónustumiðstöðvar hafa séð um að taka út lóð Álfasteins. Starfsmaður frá Álfasteini fer út daglega til að gæta að því að lóð og tæki séu örugg og skráð er í tiltekna bók hvort eitthvað sé ábótavant. Lengst af var skýrsla send starfsmönnum þjónustumiðstöð varðandi úrbætur. Lítið var um svör og var í framhaldi ákveðið að senda einungis þegar eitthvað er ábótavant. Hefur þetta gengið mun betur þetta skólaárið og má ætla að lóð leikskólans sé í ágætu standi. Nokkrir þættir eru þó sem þarf að bæta úr. Umbótaáætlun hefur verið gerð og er áætlað að bætt verið úr:
- Skipta þarf um gúmmi á rólum og sæti.
- Undirlag undir rólum þarf að endurnýja..
- klifurnet í sandkassa þarf að endurnýja
- endurbætur á rambeltu- setja gúmi undir sæti.

3.3 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár (síðast 2013) og starfsmannakönnun er áætluð árið á móti sem mannauðsstjóri Hafnarfjarðarbæjar ber ábyrgð á). Einnig má huga að því í matinu hvort að menntamálaráðuneytis eða annarra aðila hafi gert mat á síðasta ári og ef svo er þarf að koma fram:

Ekkert mat var gert á vegum Hafnarfjarðarbæjar þetta skólaárið. Hins vegar hefur leikskólinn nýtt sér foreldraviðtöl sem tekin eru tvisvar á ári til að meta ánægju foreldra og hefur komið í ljós almenn ánægja meðal foreldra á leikskólastarfinu og þeirri þjónustu sem leikskólinn veitir.



3.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Eins og fram kemur hér að ofan hefur verið gerð umbótaáætlun við mat á skólastarfinu og má lesa um það í kaflanum hér að ofan.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %	Menntun
Leikskólastjóri	1	100	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	0	30	leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	0,5	Þroskaþjálfari
Leikskólakennarar	2	1,85	Leikskólakennarapróf
grunnskólakennarar	3	1,90	Grunnskólakennarapróf
Þroskaþjálfarar	3	2,35	Þroskaþjálfarafræði
Leiðbeinendur	1	10,30	Grunnskóla-/stúdentspróf
Matráður	1	100	Pólskt húsmæðrapróf.
Aðstoð í eldhúsi	1	100	Grunnskólapróf

Aðstoðarleikskólastjóri hætti störfum 1 apríl og nýr aðstoðarleikskólastjóri byrjaði ekki fyrr en í júlí / ágúst. Því var enginn aðstoðarleikskólastjóri í maí þegar ofangreind úrvinnsla fór fram. Einnig vantaði leikskólakennara sem lét af störfum um áramót og var deildarstjóri. Í hennar stað kemur ekki inn nýr fagaðili fyrr en í sumar og er því einnig skekkja í fagmannahópnum 1. maí sem var ekki í vetur og breytist fyrir næsta skólaár.

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannaviðtöl eru tekin við hvern einstakling einu sinni til tvisvar ár hvert. Þetta skólaárið hefur leikskólastjóri tekið eitt starfsmannaviðtal á tímabilinu nóvember 2013 – janúar 2014.

Í þeim viðtölum er starfsþróun rædd. Einnig eru starfsmannafundir og deildarstjórafundir sem og deildarfundir nýttar til starfsþróunar.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári

Margir starfsmenn nýttu sér tilboð skólaskrifstofu og kranganámskeið vetrarins. Má þar helst nefna :

- færni til framtíðar, námskeið tengt hreyfingu og vellíðan
- Íslenska sem annað mál
- Markviss málörvun og tvítyngd börn
- Hvernig er málörvunarefni sem til er í leikskólanum notað á árangursríkan hátt?
- PMT námskeið
- Leitir að hamingjunni
- Útikennsla



- Og kynning á læsisstefnu Garðabæjar.
- Læsinhvetjandi umhverfi fyrirlestur á Arnarbergi um netbækur
- Allt starfsfólk fór á slysavarnanámskeið
- Einnig var ákveðinn hópur sem tilheyrir sérkennslumálum sem fór á námskeið í atferlismótun og skráningu á vegum Greiningarstöðvar.

Önnur námskeið sem sótt voru og greidd úr stéttarfélagi starfsfólks.

- Vísindaleikir
- Myndir og tölvutækni
- Í vetur var unnið með starfsmannahópinn varðandi samstöðu og samvinnu. Ásdís Ólsen kom með fyrirlestur um hamingju og sjálfskoðun á skipulagsdegi 2. maí 2014. Herdís Storgaard var með slysavarnanámskeið fyrir allt starfsfólkið á skipulagsdegi í nóvember 2013.
- Sérkennslustjóri, deildarstjóri, leikskólastjóri og foreldri sóttu málþing um læsi sem haldi var á vegum skólaskrifstofu og fræðsluráðs.
- Áhersla var lögð á að mennta nokkra starfsmenn í Atferlismeðferð þar sem leikskólinn hefur verið með börn með einhverfu.
- Ýmis námskeið á vegum skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og kragans hafa verið sótt af starfsfólki Álfasteins .
- Leikskólastjóri hefur sinnt símenntun við HÍ í stjórnun menntastofnanna.
- Ráðstefna í Wasington um skólamál þar sem flestir leikskólastjórar í Hafnarfirði sóttu ráðstefnuna.
- Eflaust einhver námskeið sem gleymist að nefna hér

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2014-2015

- Símenntunaráætlun leikskólans
- Áætlun um símenntun er í vinnslu og áætlað að hún birtist á heimasíðu leikskólans í haust 2014. Þó má geta þess að áhersla hefur verið lögð á stærðfræði og læsi í víðum skilningi skólaárið 2014-2015. Jafnframt verður unnið áfram með samstöðu og samvinnu meðal starfsmanna og mannauðurinn nýttur enn betur. Eins og komið hefur í ljós hér að framan fer starfsfólk Álfasteins í námsferð til Brighton og kynnis sér numicom stærðfræðiefni sem er liður í að auðga og styrkja stærðfræðivitund barnanna á Álfasteini enn frekar.



5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Þann 1. maí voru 80 börn í Álfasteini, þar af voru 48 drengir og 32 stúlkur og voru dvalarstundir alls 671,8 og deildargildi 4,48. Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkvæmt greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 3.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik eins og málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað voru alls 16 börn.
- Í Álfasteini voru 4 börn með fæðuofnæmi og 2 börn með fæðuóþol. Einnig 3 börn með sérþarfir vegna trúarbragða.
- 17 börn eru með annað móðurmál en íslensku og er fjöldi tungumálanna hjá börnum leikskólans 9 auk íslensku. Forsjáraðilar eru 8 frá Póllandi, 4 frá Albaníu, 3 frá Litháen, 1 frá Spáni, 1 frá Filippseyjum, 1 frá Sierra Leone, 1 frá Rúmeníu, 1 frá Færeyjum og 1 frá Tælandi.

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð samanstendur af þrem foreldrum og leikskólastjóra. Kosið er í ráðið ár hvert í september á ársfundi foreldrafélagsins og kynningafundi fyrir nýja foreldra. Ekki hefur alltaf tekist að fullmanna foreldraráðið með kosningu og hefur verið leitast eftir að fá fólk í gegn um heimasíðu leikskólans. Fullskipað foreldraráð hittist tvisvar á ári í september og mars. Eða eins oft og þurfa þykir. Þetta skólaárið hittumst við tvisvar og var lögð fram starfsáætlun á fyrri fundi ásamt vangaveltum um praktísk mál eins og strætóferðir á vegum leikskólans. Á seinni fundi ráðsins var farið yfir komandi skóladagatal 2014-2015 og það samþykkt.
- Foreldrafundir eru fyrir nýja foreldra að hausti. Þar er skólastarf Álfasteins kynnt í máli og myndum. Undanfarin ár hafa ekki verið foreldrafundir fyrir alla foreldra. Ástæða þess er að mjög léleg mæting var á slíka fundi. Ákveðið var að kynna vetrarstarfinu í formi sýninga á könnunarverkefnum barnanna. Við höfðum tekið eftir að foreldrar mættu mjög vel á sýningar á verkefnum barna sinna og var því ákveðið að sýna starfið með þeim hætti. Þannig fá foreldrar innsýn í hvað barnið er að gera allan veturinn. Slýkar sýningar eru tvisvar á ári í desember og apríl. Foreldrar sýna 99-100% mætingu á þessar sýningar og teljum við að með þessu móti hafi okkur tekist að ná til allra foreldra. Einnig gefst foreldrum þar tækifæri á að spyrja kennara enn frekar um starfið ef þörf krefur
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og eru sett inn á skóladagatal leikskólans ár hvert. Viðtölin á þessu ári voru í október og mars. Öll foreldraviðtöl eru skráð og foreldrar kvitta undir foreldraviðtölin.
- Foreldrafélag. Samkvæmt lögum um leikskóla er ekki lengur skylt að hafa foreldrafélag. Í leikskólanum Álfasteini hefur verið starfrækt foreldrafélag frá opnun leikskólans 2001. Foreldrafélagið innheimtir greiðslu tvisvar á ári og eru fjármunir félagsins nýttir í sveitaferð, leikrit, jólagjafir og aðrar skemmtanir fyrir börnin í leikskólanum.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Áætlun vetrarins.

Samstarfsverkefni Hvaleyarskóla og leikskólana í hverfinu er nokkuð í föstum skorðum. Á haustin hittast skólarnir og skipuleggja vetrarstarfið. Í nóvember kom þriðji bekkur í leikskólann og sýndi leikrit og las ljóð í tengslum við dag íslenskrar tungu. Í desember hittust leikskólarnir Vesturkot, Álfasteinn, Brekkuhvammur og fimm ára deildin og sungu saman jólalög. Álfasteinn hefur fengið afnot af sal Hvaleyarskóla undanfarin ár og haldi þar jólaball. Jólaballið gekk mjög vel þar sem hljóðnemi var á staðnum og auðvelt að stjórna söng. Má því segja að þeir hnökra sem hafa verið síðustu ár hafi verið endanlega leystir. Búið er að skipuleggja jólaball að ári í Hvaleyarskóla og hefur samvinnan gengið mjög vel og teljum við ánægjulegt er að geta verið í samstarfi við Hvaleyarskóla um afnot af sal skólans þar sem salurinn í leikskólanum er of lítill þar sem margir foreldrar hafa sýnt jólaballinu áhuga.

5.4 Almennar upplýsingar

Leik og grunnskólar Hafnarfjarðar eru með samræmda skipulagsdaga og eru þeir alls fimm í leikskóllanum. Þetta skólaárið fékk leikskólinn Álfasteinn undanþágu þar sem námsferð til Brighton er fyrirhuguð 20-21 nóvember 2014. Í staðin er ekki skipulagsdagur í janúar eins og hjá öðrum leikskólum og grunnskólum Hafnarfjarðar. Foreldraráð gaf samþykki sitt fyrir þessari undanþágu og má sjá helstu viðburði leikskólans á skóladagatali Álfasteins á heimasíðu leikskólans.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
- Viðbragðsáætlun við.
 - slysum
 - áföllum
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun



Fylgirit

- Leikskóladagatal

Hafnarfirði

Leikskólastjóri

Skóladagatal 2014-2015

Álfasteinn

	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí
1	1 F	sumarfrí	1 M	1 L	1 M	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4	4 M	Frd. verslun	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 F	4 L
5	5 Þ	sumarfrí	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6	6 M	sumarfrí	6 L	6 M	6 F	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7	7 F	opið	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 Þ	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 Þ	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 L	24 Þ	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 L	27 M	27 M
28	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 L	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31	31 S		31 F		31 M	31 L		31 Þ		31 S		31 F